

VGKHönnun
Haukur Einarsson
Grensásvegur 1
108 Reykjavík

2008010143
8717; 9310

Reykjavík, 5. september 2008

Efni: Efnistaka úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Mannvits f.h. Hlíðardalsskóla ehf. að matsáætlun um efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Mannvits verkfræðistofu dags. 31. júlí 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Hlíðardalsskóli. Efnistaka úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar, Sveitarfélaginu Ölfusi. Mannvit, júlí 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 14. ágúst 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. ágúst 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 26. ágúst 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. ágúst 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 3. september 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Mannvits dags. 3. september 2008 og með

eftirfarandi athugasemdum.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Menningarminjar. Í kafla 5.5 á bls. 12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Fornleifaverndar ríkisins og telur brýnt að fornleifafræðingur verði fenginn til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim menningarminjum sem eru á framkvæmdasvæðinu, niðurstöðu mats á áhrifum framkvæmdar á fornleifar og hugsanlegum mótvægisáðgerðum. Einnig þarf að sýna nákvæma staðsetningu fornleifa á korti eða loftmynd ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar svo að auðveldara sé að átta sig á áhrifum á einstakar fornleifar.

Vatnafar. Í kafla 5.3 á bls. 12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnafar. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hættu á mengun grunnvatns. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu beri að gera grein fyrir grunnvatnsstreymi á svæðinu og hvort hætta kunni að vera á því að mengunarslys geti valdið tjóni á vatnsbólum, hvaða vatnsból séu líkleg til að verða fyrir áhrifum ef mengun berst í grunnvatn, hvaða efni kunni að valda mengunarhættu og til hvaða ráðstafana verði gripið til að lágmarka hættu á mengun grunnvatns.

Sjónræn áhrif og frágangur í verklok. Í kafla 5.2 á bls. 11-12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og ásýnd. Skipulagsstofnun bendir á að náman í landi Breiðabólstaðar er sú þriðja í Lambafelli. Skipulagsstofnun telur að þar sem aðkoma og ásýnd að Breiðabólstaðarnámunni sé frá öðrum stað en hinum tveimur þá sé hún ekki háð sömu vinnslutilhögun og hinar tvær. Engu að síður sé ljóst að þegar langt verður liðið á efnistöku úr öllum námum í Lambafelli þá skipti miklu að endanlegur frágangur við lok vinnslunnar verði heildstæður. Skipulagsstofnun telur því brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvernig áform um frágang í Breiðabólstaðarnámu falli að endanlegri ásýnd í öðrum námum í Lambafelli.

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun.

